

Umhverfisstofnun
Áb. <i>FIBB</i>
17. júlí 2018
08.14.01
Tilv. UST201807-029



Borgarfjarðarhreppur
Hreppsstofa
720 Borgarfjörður (eystri)

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 13. júlí 2018
Tilv.: UMH18060104/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis Borgarfjarðarhrepps, dags. 20. júní 2018. Í erindinu er óskað eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað í Borgarfjarðarhreppi á meðan umsóknarferli vegna endurnýjunar á starfsleyfi sé í gangi. Fram kemur að umsókn um nýtt starfsleyfi hafi verið send Umhverfisstofnun 2. maí 2018.

Samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar 29. júní sl. með afriti á Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 11. júlí sl. kemur fram að starfsleyfi rekstraraðila hafi gilt til 1. febrúar 2017 og að stofnunin vinni að nýju starfsleyfi samkvæmt umsókn rekstraraðila. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemdir við að rekstraraðila verði veitt undanþága frá starfsleyfi í tiltekin tíma þar til að nýtt starfsleyfi verði gefið út.


Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar, í ljósi þess að unnið er að nýju starfsleyfi og í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, fellst ráðuneytið á að veita Borgarfjarðarhreppi tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað hreppsins, Brandsbölum.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:


1. Borgarfjarðarhreppur skal eftir því sem við á starfa samkvæmt fyrra starfsleyfi; starfsleyfi fyrir Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps, Brandsbölum, sem gefið var út af Umhverfisstofnun 30. desember 2004.
2. Borgarfjarðarhreppur skal starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem við eiga um rekstur urðunarstaðarins.
3. Framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
4. Borgarfjarðarhreppur skal tryggja að sem minnst af úrgangi verði urðað á svæðinu með því að vinna að úrgangsforvörnum og tryggja að endurvinnanlegum úrgangi verði komið til endurnýtingar.

Undanþágan gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. maí 2019.
Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Kjartan Ingvarsson

Afrít:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Austurlands